

# Allt í sómanum – eða hvað?

Leikhús

Soffía Auður Birgisdóttir

**U**NDANFARIÐ hefur borið nokkuð á þeirri gagnrýni að íslenskt leikhús skorti markvissa stefnu og metnaðarfulla framtíðarsýn fyrir hönd íslenskrar leiklistar. Leikhúsfraeðingarnir Hávar

Sigurjónsson og Magnús Þór Þorbergsson hafa farið þar fremstir í flokki; þeir hafa ítrekað bent á rýran hlut íslenskra leikverka á sýningarskrám leikhúsanna og gagnrýnt harðlega það „bland í poka“ sem kynnt er á hverju hausti þar sem stjórnendur leikhúsanna reyna að „geðjast öllum“ með því að láta verkefnavalið endurspegla breidd fremur en dýpt og uppskriftin er orðin æði svipuð frá ári til árs: söngleikur, klassískur harmleikur, þekktur gamanleikur, Shakespeare, „vinsælt sam-tímaverk“ frá Bretlandi eða Broadway, leikgerð af íslenskri skáldsögu og eitt barnaleikrit (helst ekki nýtt) og kannski eitt nýtt íslenskt leikrit. Þessi uppskrift telst reyndar góð og gild út frá ákveðnu sjónarhorni: Hún laðar að fjölbreyttan hóp áhorfenda þegar best lætur og peningarnir streyma í kassann. Er þá ekki allt í sómanum? Þeir sem líta á leikhúsrætur sem hvern annan fyrirtækjarekstur sem á að stefna að hámarksgróða, eða a.m.k. því að láta „fyrirtækið“ standa undir sér, kynnu að játa því. Hinir sem hafna slíku viðhorfi geta sem best haldið því fram að íslenskt leikhús sé á hraðleið til fjandans – fyrir fullu húsi.

En leikhús er ekki og á ekki að vera eins og „hvert annað fyrirtæki“. Leikhús er samfélag listamanna sem stefnt er saman í þeim tilgangi að miðla listrænni vinnu sinni, sýn og hugsjón til hins stærra samfélags. Í þeim tilgangi helst að veita áhorfandanum nýja sýn á tilveruna; skerpa skilning hans á eðli manneskjunnar og innviðum samfélagsins og samspieli þessa tvenns. Í þeim tilgangi að sýna honum mannleg samskipti í öllu sínu lítrófi og kanna alla króka og kima mannsálarinnar. Og að sjálfsögðu í þeim tilgangi að veita áhorfandanum listræna nautn, vekja honum hlátur og koma út á honum tárnum. Sveinn Einarsson, fyrirverandi leikhússtjóri, segir á einum stað í bók sinni *Ellefu ár í efra*: „Leikhúsið á að vekja, ögra, örva, breyta, hrífa, storka – og skemmta.“ og get ég sem best tekið undir þá skilgreiningu á hlutverki leikhússins.

En hvernig hefur íslensku leikhúsi tekist að rækja þetta hlutverk sitt á undanförunum árum? Fyrst þarf kannski að spyrja: Hvað er íslenskt leikhús? Nægir að leikhúsið sé starfrækt á Íslandi og njóti krafta íslenskra listamanna til að það standi undir nafni sem íslenskt leikhús? Nei. Til þess að leikhús geti státað af því að vera íslenskt þarf það framar öðru að rækja skyldu sína gagnvart íslenskri leikritun. Og það er þarna sem leikhúsið á Íslandi hefur að miklu leyti brugðist. En um leið og það er sagt vil ég halda því fram að ýmsar blikur séu nú á



Morgunblaðið/Kristinn

„Leikhúsið á að vekja, ögra, örva, breyta, hrífa, storka – og skemmta.“

lofti sem benda til þess að stjórnendur íslenskra leikhúsa séu e.t.v. að vakna upp af þyrnirósarsvefninum og að tíðinda megi vænta í íslenskri leikritun á næstunni – jafnvel virðist óhætt að fullyrða að nokkur vaxtarkippur sé þegar farinn af stað.

Einföld skýring er á því hvers vegna íslenskt leikritun hefur ekki vaxið og dafnað á undanförunum árum. Þeim fjármunum sem leikhúsin hafa yfir að ráða hefur ekki verið ráðstafað til að efla þetta svið. Hávar Sigurjónsson benti á það í grein í *Morgunblaðinu* í apríl í fyrra að um 7% af opinberu ráðstöfunarfé íslenskra atvinnuleikhúsa á síðasta leikári hefðu farið til uppsetninga á íslenskum verkum og um 0,7% til þess að greiða höfundum þeirra laun. Stjórnendur leikhúsanna hafa kosið að setja ráðstöfunarfé í ríkara mæli í aðra þætti, t.d. til umgjörðar leiksfýringa og hefur það vissulega skilað árangri á því sviði, nú er svo komið að umbúnaður (sviðsmynd, búningar o.s.frv.) leiksfýringa í íslensku atvinnuleikhúsunum er með þeim íburðarmeiri og glæsilegri sem líta getur þótt víða væri leitað. En slíkur glæsileiki (þótt hann gleðji augað) getur ekki komið í stað bitastæðs innihalds og jafnvel getur hann kæft góð verk fullkomlega – eins og dæmin

sanna. Þótt ég dáist að mörgum hinum leiknu sviðsmyndar- og búningahönnuðum okkar er kannski kominn tími til að skera aðeins niður á þessu sviði og nota peningana til þess að rækta nýsköpun í íslenskri leikritun. Til að gæta allrar sanngírni má þó benda á tvö lítil leikhús á Íslandi sem bæði sinna íslenskri leikritun af alúð: Möguleikhúsið og Hafnarfjarðarleikhúsið. En stóru atvinnuleikhúsin þurfa að taka sig á í þessum efnunum enda hafa þau úr mun meira fé að spila.

Hvernig má standa að slíkri ræktun? Ekki með leikritasamkeppnum (þetta er ódýra leiðin, leikhúsin fá (ef heppnir er með þeim) innsend í slíkar keppnir fjölmörg leikrit án þess að þurfa að borga fyrir þau, nema þá verðlaunaverkin), a.m.k. ekki á meðan dómnefndir í slíkum keppnum eru skipaðar fulltrúum leikhúsanna sem leitast við að verðlauna verk sem falla snurðulaust að „hefðinni“ og ögra engu. Heldur með því að ráða til sín á fullum launum góð og efnileg leikskáld gagnert til að semja ný verk. Og með því að starfrækja höfundarsmiðjur fyrir unga og upprennandi höfunda.

Ég sagði hér að ofan að ýmislegt benti til þess að stjórnendur leikhúsanna væru að taka við sér hvað þetta varðar. Í Þjóðleik-

*Þótt ég dáist að mörgum hinum leiknu sviðsmyndar- og búningahönnuðum okkar er kannski kominn tími til að skera aðeins niður á þessu sviði og nota peningana til þess að rækta nýsköpun í íslenskri leikritun.*

húsinu mun vera starfrækt um þessar mundir höfundasmiðja undir stjórn Hlínar Agnarsdóttur. Borgarleikhúsið hefur nýlega auglýst eftir hugmyndum að leikverkum sem ætlunin er að fullvinna innan leikhússins í samráði við höfunda og er meðal annars höfðað sérstaklega til ungra og óreyndra höfunda. Þá mun Þjóðleikhúsið vera í samstarfi við Endurmenntunardeild HÍ um námskeið sem ber heitið „Að skrifa fyrir leikhús“. Leikfélag Íslands var einnig með í bígerð að stofna höfundasmiðju fyrir ung leikskáld, en hvort af því verður er alls óvíst af skiljanlegum ástæðum. Það verður spennandi að fylgjast með hvaða ávexti slík tilraunastarfsemi á eftir að bera í íslensku leikhúsi á næstu árum.

En höfundasmiðjur einar og sér leysa ekki allan vandann. Leikhúsin verða fyrst og fremst að vera tilbúin til þess að borga þeim höfundum sem þegar hafa sannað sig mannsæmandi laun fyrir vinnu þeirra og tryggja þeim atvinnuöryggi. Á undanförunum árum hafa þrjátíu fyrir slæm skilyrði komið á fjalirnar athyglisverð ný íslensk verk sem ef til vill boða nýja tíma. Í nýttkomnum *Skírni* fjalla ég ítarlega um verk Sigurðar Pálssonar, *Einhver í dyr-unum*, og Hrafnhildar Hagalín, *Hægan, Elektra*, sem bæði teljast til tíðinda í íslenskri leikritun. Þá hafa nýir höfundar kvatt sér hljóðs með athyglisverðum hætti, svo sem Andri Snær Magnason, Bjarni Jónsson, Einar Örn Gunnarsson, Hávar Sigurjónsson, Kristján Þórður Hrafnsson, Vala Þórsdóttir og Þorvaldur Þorsteinsson, svo nokkrir og ólíkir höfundar séu nefndir. Þá má spyrja hvers vegna höfundar eins og Kristín Ómarsdóttir og Hlín Agnarsdóttir séu ekki þegar á fullum launum við að skrifa leikrit eftir sigra eins og *Ástarsögu 3*, eftir þá fyrrnefndu, og *Konur skelfa*, eftir þá síðarnefndu. Þá eigum við marga fleiri höfunda (nýja og gamla, eldri og yngri) sem hafa þegar sannað að hæfileikarnir og hugmyndirnar eru fyrir hendi en það sem skortir er að þeim sé sýndur áhugi og stuðningur og raunveruleg rækt sé lögð við að stuðla að vexti og viðgangi listar þeirra. Eða eins og velunnari íslensks leikhúss orðaði það við mig: „Leikhúsið á að meðhöndla höfunda eins og primadonnur. Dyrka þá og dekra við þá á alla lund.“ Slíka sýn þyrftu stjórnendur íslensks atvinnuleikhúss að til-einka sér.

uglurogmar@islandia.is

# Myndlist í víðara samhengi

Myndlist

Fríða Björk Ingvarsdóttir

**Þ**EGAR horft er um öxl yfir hvert liðið ár er ætíð jafnerfitt að meta hvaða viðburðir standa upp úr. Sítt sýnist hverjum og ef til vill er nærtækara að líta til þess hvort einhverjar markverðar hræringar hafi átt sér stað í listheiminum sem heild, jafnvel þótt þær merkist yfirleitt ekki nema á lengri tíma.

Svo víkið sé að stöðunni hér innanlands, þá hefur kennt margra grasa í sýningarhaldi á árinu og óvinnandi vegur er að minnast allra þeirra fjölmörgu sýninga sem rak á fjörur landsmanna. Ungir listamenn létu töluvert að

*Svo virðist sem sú jafnaðarstefna sem myndlistarmenn hafa sjálfir rekið hér á landi um árabíl hafi ekki skilað tilætlunum árangri og ef til vill er kominn tími til að hverfa frá henni og láta óháða aðila velja markvissst þá fulltrúa sem möguleika eiga í víðara samhengi.*

sér kveða með góðum sýningum og þegar framlag þeirra er skoðað er ljóst að brimbrjótur sjöunda og áttunda áratugarins í íslensku listalífi hafa loks skilað miklum áhrifum inn í menningarlíf landsmanna.

Yfirlitssýning á verkum Kristjáns Guðmundssonar summara var gott dæmi um þá arfleifð og sómuleiðis áhugaverð yfirlitssýning á verkum Rósku, sem varpaði athyglisverðu ljósi á mikil hugmyndafræðileg straumhvörf í

okkar stuttu listasögu, straumhvörf sem við höfum verið sein að taka eftir og innlima í hefðina.

Nokkrar markverðar sýningar á verkum erlendra listamanna bar fyrir augu listunnenda hér á árinu, en þær eru allar mikilvægt innlegg í umræðuna hér á landi. Nægir að nefna sýningu á ljósmyndum Henri-Cartier Bresson, sýningar á verkum John Baldessari, John Isaacs, Gerhard Richter, Karin Sander

og Roni Horn sem dæmi um þann fjölbreytileika er þannig síast inn í okkar myndlistarumhverfi. Einnig verður að minnast sýningarinnar Náttúrusýna í Listasafni Íslands, á verkum úr Borgarlistasafni Parísar, en þar gat að líta mörg öndvegisverk listasögunnar.

Í þessu alþjóðlega samhengi er einnig vert að minnast landvinnina Íslendinga á erlendum vettvangi, því þótt þeir hafi ef til vill ekki verið margir er um að ræða þeim mun mikilvægari atburði sem afhjúpa vel þá möguleika sem hægt er að skapa íslensku myndlistarfólki utan hins þrönga íslenska myndlistarheims. Hingað til lands barst loks Carnegie-sýningin sem lyfti Hreini Friðfinnsyni í verðskuldað verðlaunasæti í Finnlandi seint á síðasta ári. Það var athyglisvert að sjá verk Hreins í því norræna samhengi sem þar birtist, sérstaklega með tilliti til dirfsku dómnefndarinnar við að túlka hugtakið „mál-